

## Svar

menningar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Friðjóni R. Friðjónssyni um fjölda starfsmanna, stöðugilda og einstaklinga í verktöku hjá Ríkisútvarpinu ohf. og RÚV sölu ehf.

1. *Hversu mörg stöðugildi voru hjá Ríkisútvarpinu ohf. á árunum 2018–2022, sundurliðað eftir árum og starfssviðum?*

Meðaltal yfir árið:

2018: 270.  
2019: 271.  
2020: 249,43.  
2021: 235,84.  
2022: 238,31.

2. *Hversu margir voru á launaskrá hjá Ríkisútvarpinu ohf. á árunum 2018–2022, sundurliðað eftir árum og starfssviðum?*

Staðan í lok desember ár hvert:

2018: 307.  
2019: 291.  
2020: 265.  
2021: 262.  
2022: 263.

	Sjónvarp	Útvarp	Fréttastofa	Framl./tækni	Skrifstofa/o.fl.
2022	29	42	69	76	47
2021	29	40	72	76	45
2020	33	38	75	73	46

3. *Hversu margir verktakasamningar voru gerðir hjá Ríkisútvarpinu ohf. á árunum 2018–2022, sundurliðað eftir árum og starfssviðum, og hver var kostnaðurinn við þá?*

Ár	2018	2019	2020	2021	2022
Fjöldi verktaka	823	807	881	755	906

Hér er um að ræða verktaka sem koma að framleiðslu, dagskrárgerð og fréttum hjá RÚV.

4. *Hversu margir fastir starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf. voru einnig verktakar við dagskrárgerð á árunum 2018–2022, sundurliðað eftir árum?*

Starfsmaður á launaskrá hjá Ríkisútvarpinu getur aldrei þegið verktakalaun á meðan hann er í launþegasambandi við Ríkisútvarpið.

5. Hve háa fjárhæð greiddi Ríkisútvarpið ehf. í verktakagreiðslur 2018–2022, sundurliðað eftir árum.

2018	2019	2020	2021	2022	Samtals
739.680.147	735.108.640	746.545.487	745.069.672	955.107.047	3.921.510.992

6. Hversu mörg stöðugildi voru hjá RÚV sölu ehf. á árunum 2020–2022, sundurliðað eftir árum?

Meðaltal yfir árið:

2020: 16,66.

2021: 16,11.

2022: 15,63.

7. Hversu margir voru á launaskrá hjá RÚV sölu ehf. á árunum 2020–2022, sundurliðað eftir árum?

Staðan í desember ár hvert:

2020: 16.

2021: 17.

2022: 16.

8. Hverjir eru fimm fjárfrekustu rekstrarliðir RÚV sölu ehf. á árunum 2020–2022, sundurliðað eftir árum og kostnaði?

	2020	2021	2022
Gjald fyrir birtingu viðskiptabóða	1.299	1.632	1.918
Kostnaðarverð vara og þjónustu í samkeppnisrekstri	290	297	361
Laun og tengd gjöld	223	227	225
Hlutdeild í rekstrarkostnaði stoðeilda	31	31	33
Húsnæðiskostnaður	11	11	10
	1.853	2.197	2.547

Fjárhæðir eru í millj. kr.

9. Hversu margir verktakasamningar voru gerðir hjá RÚV sölu ehf. á árunum 2020–2022, sundurliðað eftir árum, og hver var kostnaðurinn við þá?

Einn verktakasamningur var gerður árið 2022 og var kostnaðurinn 2,4 millj. kr.

10. Hvernig var dagskrárgerðarfolk ráðið til starfa, hvort sem er fast starfsfólk eða verktakar við dagskrárgerð, með auglýsingu eða öðrum hætti, skipt á árin 2020–2022?

RÚV réð fimm í hóp dagskrárgerðarfólks í útvarpi/sjónvarpi eftir auglýsingu 2020, 2021 og 2022.

Á þessu tímabili voru fastráðnir þrettán starfsmenn í dagskrárgerð.

RÚV hefur ekki ráðið verktaka í umsóknarferli. Við val á verktaka er horft til málefna-legra sjónarmiða, þar á meðal til umfangs verks, fyrri verka og reynslu og þekkingu þeirra sem í hlut eiga og eðlis þeirra verkefna sem um ræðir. Í flestum tilvikum er um að ræða tíma-bundin afmörkuð verkefni.

11. *Í hve miklum mæli eru gerðar fjárhagsáætlanir um einstaka dagskrárliði sem Ríkisútvarpið ehf. er framleiðandi að til flutnings í miðlum Ríkisútvarpsins?*

Gerðar eru fjárhagsáætlanir fyrir hvern dagskrárlið í sjónvarpi og útvarpi ár hvert samhliða gerð rekstraráætlunar fyrir samstæðu Ríkisútvarpsins ehf. og RÚV sölu ehf.

12. *Hver var niðurstaða starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra og menningar- og viðskiptaráðherra um málefni Ríkisútvarpsins sem skipaður var 21. apríl 2023 og átti að skila af sér fyrir 1. júlí síðastliðinn?*

Samkvæmt skipunarbréfi starfshópsins var ráðgert að hópurinn skilaði skýrslu 15. nóvember sl. Vinnan hefur dregist nokkuð og er stefnt að skilum skýrslunnar fljótlega upp úr mánaðamótum.